

Febrúar 2010

### ***Rekstrarráðgjöf til félagsmanna***

Samtök verslunar og þjónustu bjóða nú upp á almenna rekstrarráðgjöf til félagsmanna. Vegna þeirra efnahagslegu áskorana sem viðskiptalífið stendur frammi fyrir er mikilvægt að fyrirtæki fái allan mögulegan stuðning.

Þeir félagsmenn sem áhuga hafa á að ræða við sérfræðing SVP, Ólaf Reynir Guðmundsson, eru beðnir um að panta tíma, koma með þau gögn sem ræða þarf og leggja fram tilteknar spurningar. Félagsmenn geta rætt öll atriði rekstrar síns við Ólaf Reynir, s.s.

- Fjárhagslega endurskipulagningu
- Markaðsmál
- Bókhald
- Stefnumótun
- Hagræðingu

Ólafur Reynir Guðmundsson, sem einnig er lögfræðingur SVP, mun sjá um ofangreinda rekstrarráðgjöf. Ólafur Reynir hefur starfað sem fyrirtækjaráðgjafi hjá Accenture og Citibank, ásamt því að hafa stundað nám við Harvard og IE Business School.

Vakin er athygli á því að allt það sem félagsmenn spyrja um er rætt í fullum trúnaði. Engin gögn um rekstrarmál félagsmanns eru geymd hjá SVP eftir að fundi lýkur.

Með hliðsjón af erfiðum rekstrarskilyrðum er mikilvægt að hagsmunasamtök aðstoði fyrirtæki við að skerpa rekstrarsýn og hagræða. Sérstaklega er mikilvægt að fyrirtæki geti leitað til hlutlauss aðila til að fá ný sjónarmið um rekstur sem og til þess að geta rætt almennt um horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Félagsmenn verða upplýstir um hvert þeir eiga að leita ef rekstrarvandi þeirra kallar á sérstakar lausnir.

Rekstrarráðgjöf SVP er félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Fyrir hönd SVP,

Andrés Magnússon